



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Ég, samskiptin og samfélagið ÉSSXS24 Kennsluáætlun haustönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Sigrún Fanney og Snorri Björnsson	Sk.st.	SFS og SNO
----------------	-----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing: Áfanginn byggist á sex stöðum menntunar eins og þau koma fram í Aðalnámsskrá framhaldsskóla eða læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf. Komið verður inná val nemanda varðandi lífsstíl, s.s. markmið menntunar, mataræði, áhugamál, starfsvettvang, menningu og listir. Rýnt verður m.a. í eftirfarandi hugtök og unnin verkefni þeim tengdum: Læsi í víðum skilningi, jafnrétti – fordómar – sjálfsmynd – tilfinningar – tjáning.

Markmið:

- Að nemendur öðlist aukna færni í félagslegum samskiptum og eigi auðveldara með að tala um tilfinningar sínar og reynslu.
- Að nemendur verði meðvitaðri um eigin þarfir, hvað sé rétt og rangt og geti tekið ákvarðanir í samræmi við það.
- Að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun s.s. með læsi á ýmsa miðla eins og fjölmiðla, kvikmyndir, netsamfélagið o.fl..
- Að nemendur verði meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar.
- Að nemendur afli sér þekkingar á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú.
- Að skapa jákvætt viðhorf nemenda gagnvart kynhneigð, kynferði og mismun kynjanna og að þeir þjálfist í að líta á samfélagið út frá sjónarhorni mismunandi þjóðfélagshópa.
- Að nemendur fræðist m.a. um kynlíf, barneignir, getnaðarvarnir, kynsjúkdóma og foreldrahlutverkið.
- Að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér, þar með talið almenn umhirða líkamans, daglegt hreinlæti, líkamspjálfun og næring.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Ég, samskiptin og samfélagið ÉSSXS24 Kennsluáætlun haustönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námsgögn: Ýmis hefti, verkefni, ljósrit og myndir frá kennurum. Einnig verða vefsíður, fjölmiðlar og myndbönd notuð.

Áætlun um yfirferð:

- 1.lota: Hver er ég, unnið með sjálfsmyndina í víðum skilningi.
- 2.lota: Kynfræðsla, líkaminn, líkamsþjálfun, heilbrigt líferni.
- 3.lota: Jafnrétti, kynhneigð, mismunur kynjanna.

Verkefni: Tímapróf, ýmis verkefni og munnlegt próf.

Námsmat og vægi námsþátta: Tímapróf 20%, verkefni 20%, munnlegt próf 10%, mætingar og virkni í umræðum 10%, lokapróf 40%.

Gert með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils